

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla

2015

Setbergi 6. desember 2015

Skýrsla formanns

Tuttugasta og fyrsta starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu.

Veður- og vallarmál

Völlurinn kom ágætlega undan vetri en veðrið um vorið var mjög leiðinlegt, kalt og þurrt. Nokkrar grastegundir í flötunum drápu og voru því nokkrar flatir mjög lengi í gang. Þær flatir voru gataðar og sáð í götin. Ennfremur var sáð í allar flatir í tvígang með sáningarvélum. Með hækkandi hita kom grasið upp og flatirnar náðu að þétta sig. Veðrið í vetur hefur enn sem komið er verið hagstætt og því ættu flatirnar að verða góðar næsta vor.

Rekstur

Í byrjun árs voru 480 félagar skráðir í klúbbinn. Undir lok árs voru þeir 460. Óbreytt fyrirkomulag var á aðgengi að vellinum. Framan af sumri var aðsóknin á völinn frekar dræm sem má rekja til veðurs og ástands vallarins. Úr aðsókninni rættist þegar leið á sumarið.

Sala á flatargjöldum var svipuð og árið áður. Aðsókn í mót hefur minnkað verulega.

Óbreytt fyrirkomulag var á rekstrinum. Jafnframt var endurnýjaður samningur við Golfklúbbinn Keili um kaup á sérfræðiþjónustu, s.s. ráðgjöf, söndun, áburðargjöf, götun og fleira.

Niðurstaða rekstrarins er nokkurn veginn í samræmi við fjárhagsáætlun. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður þá er klúbburinn skuldlaus.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Greitt var af þeim vélum sem klúbburinn keypti þegar hann tók við rekstrinum á ný. Ekki var fjárfest í nýjum sláttuvélum á þessu ári. Keypt var kúluvél fyrir æfingasvæðið.

Helstu framkvæmdir á árinu:

- **Vinnuaðstaða.** Fjárfest var í skrifstofugámi fyrir starfsmenn á vellinum.
- **Skálinn.** Pallurinn var stækkaður sunnan við skálann til þess að koma á betri tengingu við æfingasvæðið.
- **Flatir.** Vegna ástands flatanna þurfti að fjárfesta í fræjum, sáningu og áburði umfram það sem gerist í venjulegu árferði.

Unglingastarf

Unglinganámskeið klúbbsins voru í umsjón Golfklúbbsins Keilis þetta árið.

Ólafur Jóhannesson IPGA golfkennari var golfkennari klúbbsins.

Félagsstarf

Ekki var haldin árshátíð þetta árið. E.t.v. við hæfi að hafa árshátíð eða sambærilega skemmtun á tveggja ára fresti.

Kvennastarfið var mjög gott á árinu. Konurnar í klúbbum hittust á mánudögum og áttu frátekna rástíma í u.þ.b. eina klukkustund. Konurnar hittust og þúttuð saman á mánudagskvöldum um veturinn. Sumarstarfið hófst síðan þann 15. maí, þar sem konurnar hittust, borðuðu saman og fóru yfir starfið. Það mættu um 30 konur að meðaltali í kvennatímana og skipta þessir tímar verulegu máli að mati þeirra sem sjá um kvennastarfið. Konurnar voru með innanfélagsmót, Fjarðarmótið, þann 13. júní, fóru í heimsókn til GS kvenna þann 22 júní og tóku á móti þeim í júlí. Var gríðarlega góð þátttaka í þessum viðburðum. Sprelligolf og fjör var þann 10. ágúst og dagskrá kvennastarfsins lokað með lokamóti hjá Dalbúa á Laugarvatni þann 29. ágúst.

Á golfþingi Gólf sambands Íslands í nóvember s.l. var fluttur fyrirlestur um mikilvægi þess að mynda hópa innan golfklúbba. Við höfum séð á s.l. árum hvað kvennastarfið hefur gert fyrir klúbbinn og viljum við nú prófa að mynda fleiri hópa. Er þetta gert til þess að mynda frekari tengsl á milli félagsmanna og minnka þannig líkurnar á því að félagar hætti í klúbbum.

Sjálfböðavinnudagur var haldinn s.l. vor og var góð mæting af hálfu félaga.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, tvö opin mót, meistaramót, kvennamót og nokkur innanfélagsmót. Klúbbmeistari karla varð Ólafur Hreinn Jóhannesson og klúbbmeistari kvenna varð Stefanía Arnardóttir.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn klúbbsins skipuðu

Högni Friðþjófsson formaður, Björn Eysteinnsson varaformaður, Pétur Einarsson gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Óskar Sigurmundason, Karl Ísleifsson og Þórarinn Sófusson meðstjórnendur.

Nefndir klúbbsins skipuðu

Mótanefnd: Hörður Gunnarsson formaður, Brynjar Sigtryggsson og Árni Finnsson.

Vallarnefnd: Gunnlaugur Guðjónsson formaður, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.

Aganefnd: Þórarinn Sófusson, Óskar Sigurmundason, Örn Andrésen, Ingólfur Teitur Garðarsson og Brynjar Sigtryggsson.

Forgjafarnefnd: Einar Sigurðsson formaður, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.

Kvennanefnd: Bjarnheiður Jana Guðmundsdóttir formaður, Hildur Pétursdóttir og Ásta Edda Stefánsdóttir.

Einar Hjaltason sá um heimasíðuna www.gse.is

Hola í höggi

Þórður Einarsson, 8. hola, Ársæll Guðmundsson, 5. hola, Ívar Örn Halldórsson 5. hola, Freyr Sigurðsson 2. hola, Gíslína Kolbrún Sigurðardóttir, 2. hola og Kristján Sigurðsson 5. hola, skv. upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni Gólfbands Íslands

Karlasveit klúbbsins spilaði í 1. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Gólfklúbbi Borgarness. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Tryggvi Traustason, Helgi Birkir Þórisson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Anton Eiríksson, Kristinn Gústaf Bjarnason, Hjörtur Brynjarsson og Siggeir Vilhjálmsson. Liðsstjóri var Friðþjófur Einarsson. Sveitin endaði í 6. sæti og hélt sér þ.a.l. áfram í 1. deild.

Starfsmenn klúbbsins

Starfsmenn klúbbsins á vellinum voru Friðþjófur Einarsson, Hákon Pétursson, Þorsteinn Erik Geirsson og Helga Guðrún Friðþjófsdóttir.

Um rekstur á gólfskála sáu þau Kristjana Geirsdóttir og Tómas Freyr Marteinson.

Um útræsingu sáu Karl Jóhan Brune, Jón Sigurðsson og Helgi Ragnarsson.

Árni Finnsson stóð skv. venju vaktina við að slá inn skorkort í mótum.

20 ára afmæli gólfklúbbsins

Á árinu voru 20 ár liðin frá því að starfsemi klúbbsins hófst. Var af því tilefni haldið afmælisboð og afmælistót þar sem boðið var upp á köku og vöflur. Nokkur athygli beindist að klúbbum vegna þessa og birtust bæði greinar í blöðum og viðtöl á netmiðlum þar sem fjallað var um starfsemi klúbbsins.

Um 50 félagar fóru í afmælisferð til La Sella á Spáni. Í ferðinni veiktist félagi okkar Helgi Ragnarsson og lést hann á spítala á Spáni. Helgi tók virkan þátt í starfsemi klúbbsins og var m.a. ómissandi við að stappa stálinu í kylfinga á fyrsta teig í meistaramótum klúbbsins.

Framtíðarstarfsemi klúbbsins

Nú liggur fyrir að búið er að selja landið sem Setbergsvöllur er á. Það er mikið ánægjuefni að nýr eigandi hefur lýst því yfir að klúbburinn fær að halda áfram með starfsemi sína á vellinum þar til leyfi fæst til framkvæmda.

Högni Friðþjófsson formaður.

Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2015


	Skýring	2015	2014
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		25.169.075	25.830.000
Tekjur af sölu vallargjalda		4.056.382	3.661.270
Tekjur af æfingasvæði		228.600	
Styrkir og framlög	1	1.705.000	1.505.000
Tekjur af mótum	2	1.633.900	2.244.100
Framlag ÍSÍ vegna Lotto		388.015	393.508
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna		119.848	165.953
Vaxtatekjur		67.074	0
Rekstrartekjur samtals		33.367.894	33.799.831
Rekstrargjöld:			
Félagaskattur GSÍ		2.079.000	1.978.000
Sveitakeppni karla	3	228.526	117.500
Umsjón skála		2.302.305	2.298.368
Verðlaun í mót	4	403.320	512.860
Kostnaður v/stjórnar nefnda	5	176.412	192.851
Innheimtukostnaður		242.385	187.734
Leiga á landi		5.584.594	5.574.694
Kaup á vélum		2.100.000	2.100.000
Laun og launatengd gjöld		9.513.310	8.565.828
Viðhald og rekstur vallar	6	1.492.528	2.101.114
Viðhald og rekstur véla	7	2.619.804	3.235.204
Rekstur skála	8	820.630	708.539
Leiga á gámum/ WC		352.648	508.835
Æfingasv. malbikun -hús		0	210.898
Ræsing og umsjón		400.000	400.000
Aðkeypt þjónusta		44.488	235.875
Afskriftir		936.563	581.250
Afmæliskostnaður		268.152	
Ýmis kostnaður	9	216.016	317.639
Rekstrargjöld samtals		29.780.681	29.827.189
Hagnaður ársins		3.587.214	3.972.642

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2015


Eignir	Skýring	2015	2014
Fastafjármunir:			
Sláttuvélar 2011		860.625	1.012.500
Golfbíll		143.438	168.750
Sláttuvélar 2012		478.125	562.500
Æfingasvæði / malbikun		2.000.000	2.000.000
Nýtt hús		500.000	500.000
Brautarsláttuvél 2014		3.825.000	4.500.000
Boltavél		400.000	
Gámur		1.016.800	
Fastafjármunir samtals		9.223.988	8.743.750
Veltufjármunir:			
Banka innistæður Íslandsbanki		1.988.467	1.451.220
Banka innistæður Landsbankinn		6.594.743	4.025.014
Veltufjármunir samtals:		8.583.210	5.476.234
Eignir alls		17.807.198	14.219.984
Skuldir og Eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé flutt frá fyrra ári		14.219.984	10.247.342
Hagnaður		3.587.214	3.972.642
Eigið fé samtals		17.807.198	14.219.984
Skuldir			
Skuldir samtals		0	0
Skuldir og eigið fé alls		17.807.198	14.219.984

Setbergi 6. desember 2015




Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.



Örn Andrésen



Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Skýringar með rekstrarreikningi

2015

1. Styrkir og framlög

Hafnarfjarðarbær	75.000
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja	1.630.000
Samtals	<u>1.705.000</u>

2. Mótatekjur

Forkeppni bikars	36.000
Jónsmessa	87.000
Meistaramótið	559.500
Opna Setbergs mótið	518.400
Grand Hotel	207.000
Karlamót	144.000
Bændaglíma	82.000
Samtals	<u>1.633.900</u>

3. Sveitakeppni karla

Þátttökugjald	70.000
Ferðakostnaður	67.126
Annað	91.400
Samtals	<u>228.526</u>

4. Verðlaun í mót

Meistaramótið	232.528
Opna Setbergsmótið	140.159
Önnur mót	30.633
Samtals	<u>403.320</u>

5. Kostnaður v/stjórnar nefnda

Stjórnar- og nefndadagur	152.100
Annað	24.412
Samtals	<u>176.512</u>

6. Viðhald og rekstur vallar

Pallur	478.500
Áburður	739.054
Sandur	312.840
Verkfæri	166.910
Rafmagn	230.516
Ýmislegt	43.208
Samtals	<u>1.492.528</u>

7. Viðhald og rekstur véla

Olía og bensín	1.015.759
Tryggingar	195.590
Verkfæri	83.631
Varahlutir og viðgerðir	1.324.824
Samtals	<u>2.619.804</u>

8. Rekstur skála

Tryggingar	39.805
Rafmagn	186.157
Sími og tölvukostnaður	304.567
Öryggiskerfi	123.131
Frystiskápur	109.990
Ýmislegt	56.980
	<hr/>
	820.630
	<hr/> <hr/>

9. Ýmis kostnaður

Hreinsunardagur	49.180
Prentun ritföng	56.356
Styrkur	100.000
Ýmislegt	10.480

Samtals	<hr/>
	216.016
	<hr/> <hr/>

Golfklúbburinn Setberg

Rekstraráætlun 2016

Rekstrartekjur:	Áætlun 2016	Rauntölur 2015
Félagsgjöld	24.000.000	25.169.075
Tekjur af sölu vallargjalda	4.000.000	4.056.382
Styrkir og framlög	2.000.000	1.705.000
Tekjur af mótum	2.000.000	1.633.900
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	400.000	388.015
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	150.000	119.848
Vaxtatekjur	250.000	67.074
Rekstrartekjur samtals	32.800.000	33.139.294

Rekstrargjöld:	Áætlun 2016	Rauntölur 2015
Félagaskattur GSÍ	2.000.000	2.079.000
Sveitakeppni karla	250.000	228.526
Umsjón skála	2.500.000	2.302.305
Verðlaun í mót	500.000	403.320
Kostnaður v/stjórnar nefnda	150.000	176.412
Innheimtukostnaður	250.000	242.385
Leiga á landi	6.000.000	5.584.594
Kaup á vélum	2.100.000	2.100.000
Laun og launatengd gjöld	9.500.000	9.513.310
Leiga á vélageymslu		0
Viðhald og rekstur vallar	1.200.000	1.492.528
Viðhald og rekstur véla	2.500.000	2.619.804
Rekstur skála	1.000.000	820.630
Leiga á gámum	400.000	352.648
Ræsing og umsjón	400.000	400.000
Aðkeypt þjónusta	1.000.000	44.488
Afskriftir	1.500.000	936.563
Ýmis kostnaður	500.000	216.016
Rekstrargjöld samtals	31.750.000	29.512.529

Hagnaður ársins 2016	1.050.000	3.626.766
-----------------------------	------------------	------------------

Fjárfestingaráætlun:

Æfingaboltar og mottur og fleira	1.000.000	1.416.800
----------------------------------	-----------	-----------

Skýrsla og áritun stjórnar

Að álit stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2015, rekstrarreikningi frá 1. desember 2014 til 30. nóvember 2015 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.


Hafnarfirði, 4. desember 2015



Högni Friðbjólfsson




Pétur Einarsson



Þórarinn Sófússon




Sigrún Eir Héðinsdóttir



Björn Eysteinnsson



Óskar Sigurmundason



Karl Ísleifsson

Úrslit móta 2015

Forkeppni bikars – 27. maí

Punktamót - karlar

- | | | |
|------------------------------|---|---------|
| 1. Sigurður Oddur Sigurðsson | – | 39 pkt. |
| 2. Gunnar Hendrik Jóhannsson | – | 34 pkt. |
| 3. Þórður Dagsson | – | 34 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | |
|------------------------------|---|---------|
| 1. Heiðrún Harpa Gestsdóttir | – | 35 pkt. |
| 2. Helga Sigurðardóttir | – | 26 pkt. |

Innanfélagsmót 3. júní

Punktamót

- | | | |
|-----------------------|---|---------|
| 1. Sævar Benediktsson | – | 40 pkt. |
| 2. Ívar Jón Arnarsson | – | 39 pkt. |
| 3. Arnar Svansson | – | 38 pkt. |

Innanfélagsmót 10. júní

Punktamót – 9-holur

- | | | |
|----------------------------|---|---------|
| 1. Jenný Olga Pétursdóttir | – | 20 pkt. |
| 2. Stefán Örn Hreggviðsson | – | 16 pkt. |
| 3. Óskar Bjarni Ingason | – | 14 pkt. |

Innanfélagsmót 10. júní

Punktamót – 18-holur

- | | | |
|------------------------------|---|---------|
| 1. Helgi Söndersko Harrysson | – | 40 pkt. |
| 2. Haraldur Árnason | – | 39 pkt. |
| 3. Jónas Yamak | – | 38 pkt. |

Fjarðarmót GSE kvenna – 13. júní

Punktur

1. Lilja Jónína Héðinsdóttir – 38 pkt.
2. Lovísa Hermannsdóttir – 36 pkt.
3. Ásta Edda Stefánsdóttir – 36 pkt.

Jónsmessa – 21. júní

Setbergsscramble

1. Sæti

Jóhann Jakobsson, Snorri Þór Daðason, Alda Lind S. og Sigrún Eir Héðinsdóttir

2. Sæti

Jóhanna Hauksdóttir, Jóhanna M. Sveinsdóttir, Þórður Vagnsson og Guðni Guðfinnson

3. Sæti

Sigurður O. Sigurðsson, Stefanía Arnardóttir, Kristján Ólason og Guðjón A.

Innanfélagsmót 24. júní

Punktamót – 9-holur

- 1 Bjarni Kjartansson – 20 pkt.
- 2 Jenný Olga Péturdóttir – 16 pkt.
- 3 Gunnar Hendrik Jóhannsson – 14 pkt.

Innanfélagsmót 24. júní

Punktamót – 18-holur

- 1 Guðmundur S Guðmundsson – 40 pkt.
- 2 Sigurjón Sigmundsson – 36 pkt.
- 3 Jón Sigurðsson – 36 pkt.

Afmælistmót 27. júní

Punktamót – 18-holur

1. Ellert Schram – 44 pkt.
2. Björn Þorfinnsson – 40 pkt.
3. Sigurður O Sigurðsson – 39 pkt.

Meistaramót GSE – 10. júlí

18 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

1. Ólafur Hreinn Jóhannesson – 292 högg
2. Siggeir Vilhjálmsson – 302 högg
3. Óskar Bjarni Ingason – 325 högg.

Fyrsti flokkur karla

1. Högni Friðþjófsson – 337 högg.
2. Ragnar Böðvarsson – 342 högg.
3. Jón Yngvi Jóhannesson – 348 högg.

Annar flokkur karla

1. Stefán Aðalbjörnsson – 344 högg.
2. Þórður Einarsson – 346 högg.
3. Ólafur Haukur Guðmundsson – 349 högg.

Þriðji flokkur karla

1. Guðmundur Leó Guðmunds. – 368 högg.
2. Arnar Björnsson – 368 högg.
3. Einar Hjaltason – 372 högg.

18 holur – Punktar

Fjórði flokkur karla

1. Magnús Gauti Hauksson – 141 pkt.
2. Hlynur Freyr Birgisson – 141 pkt.
3. Atli Geir Grétarsson – 141 pkt.

Fimmti flokkur karla

1. Þorsteinn Arnalds – 115 pkt.
2. Sigvaldi Einarsson – 91 pkt.
3. Þórður Gíslason – 90 pkt.

Öldungaflokkur karla – 3 dagar

1. Axel Birgir Knútsson – 110 pkt.
2. Jónas Ágústsson – 99 pkt.
3. Jakob Skafti Magnússon – 97 pkt.

Kvennaflokkur – 4 dagar

1. Stefanía Arnardóttir – 156 pkt.
2. Soffía Dögg Halldórsdóttir – 146 pkt.
3. Gunnhildur Magnúsdóttir – 133 pkt.

Kvennaflokkur – 3 dagar

1. Helga Sigurðardóttir – 107 pkt.
2. Guðrún Harðardóttir – 96 pkt.
3. Margrét Elísabet Harðard. – 95 pkt.

Karla og kvennaflokkur – 9 holur punktar

1. Sigrún Eir Héðinsdóttir – 60 pkt.
2. Guðlaug Eyþórsdóttir – 59 pkt.
3. Hrönn Hallsdóttir – 44 pkt.

Opna Setbergsmótið – 5. ágúst

Punktar

1. Ólafur Hreinn Jóhannesson GSE – 43 pkt.
2. Hafþór Kristjánsson GK – 41 pkt.
3. Björn Kristinn Björnsson GK – 41 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Ólafur Hreinn Jóhannesson GSE – 66 högg.

Opna Grand Hótel – 29. ágúst

Punktar.

1. Þorri Björn Gunnarsson GKG – 40 pkt.
2. Sindri Már Sigfússon GSE – 40 pkt.
3. Eyþór Ágúst Kristjánsson GM – 39 pkt.

Bændaglíma – 6. október

Setbergsscramble

1. Sæti

Árni Björn Erlingsson, Pétur Einarsson, Ægir Þorláksson og Sigríður Óladóttir

2. Sæti

Hermundur Rósinkrans, Þórður Dagsson, Börkur Vígbórsson og Sigvaldi Einarsson

3. Sæti

Ívar Örn Halldórsson, Hlynur Freyr Birgisson, Örn Andrésón og Gunnhildur Magnúsdóttir

Bikarmeistari karla.

Sigurgeir Marteinn Sigurgeirsson.

Bikarmeistari kvenna.

Heiðrún Harpa Gestsdóttir